

Aðalfundur Afríka 20:20

– félags áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara



Fundargerð

Aðalfundur var haldinn á annarri hæð í húsi Máls og menningar að Laugarvegi 18, 10. apríl 2024 kl 16:30-18:15.

FUNDARSETNING

Geir Gunnlaugsson formaður setti fundinn og bauð gesti velkomna. Auk fimm stjórnarmanna mættu fjórir félagsmenn á fundinn. Hulda Guðrún Gunnarsdóttir var kosin fundarstjóri og Stefán Kristmannsson fundarritari.

ÁRSSKÝRSLA FÉLAGSINS

Geir Gunnlaugsson formaður lagði fram og kynnti ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2023. Umsvif félagsins á árinu mörkuðust mikið af starfi ritsjórnar við undirbúning og útkomu nýrrar bókar í ritaröð um Afríka sunnan Sahara. Einnig var ný vefsíða hönnuð.

Meginefnið úr ársskýrslunni (aok umræðu):

- Félagið hefur 205 manns á póstlista, 607 vini á Fésbók og níu borguðu félagsgjald árið 2023.
 - Of fáir greiða félagsgjaldið og rætt um leiðir til að fá fleiri til að verða borgandi meðlimir.
- Ný heimasíða félagsins (afrika2020.is) var kynnt stjórn og leysir hún af eldri vefsíðu (gamla.afrika2020.is).
 - Almenn ánægja var með nýju vefsíðuna, Stefán Kristmannsson, hönnuður síðunnar og ritari stjórnar, greindi stuttlega frá gerð hennar og innihaldi. Vefsíðan hefur að geyma staðreyndir um félagið auk áhugaverðra tengla og starfar óháð fésbókarsíðu félagsins, (Afríka 20:20).
- Útgáfa bókar félagsins **Afríka sunnan Sahara í brennidepli II**.
 - Ritnefnd bókarinnar skipuðu Jón Geir Pétursson, Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Magnfríður Birnu Júlíusdóttir. Mikil vinna og margir fundir að baki útgáfunnar. Ferillinn frá upphafi til enda tók um það bil tvö ár. Fyrri bók frá 2007, sem hefur m.a. reynst algengt gagn námsefnis um Afríku, var fyrirmynd í hönnun og útliti þessarar útgáfu.
 - Efni bókar skiptist í þrettán kafla rituðum að sextán höfundum.
 - Útgáfuhólf var haldið í Bóksölu stúdenta 21.mars 2023. Bókin er gefin út í samvinnu við Háskólaútgáfuna og prentuð á Íslandi í 750 eintökum.
 - Kostnaður var á svipaðri stærðargráðu og styrkur Utanríkisráðuneytisins sem fékkst til útgáfunnar (þrjár miljónir ISK). Bókinni verður dreift til allra skóla landsins og síðar kemur í ljós um almenna sölu hennar. Stafræn útkoma bókarinnar mun bíða á meðan.
 - Það var ljóst að fundarfólk fagnaði bókinni mjög vel.

Ársskýrslan var samþykkt af fundarfólki.

REIKNINGAR FÉLAGSINS

Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru samþykktir að lokinni athug skoðunarmanns reikninga.

FÉLAGSGJÖLD 2024

Samþykkt óbreytt félagsgjald 2000 krónur.

NÝJA BÓKIN

Kynning einstakra kafla bókarinnar í stuttu yfirliti höfunda í málstofu var rædd en óvíst með vettvang. Hlaðvarpsútgáfa bókarinnar var einnig rædd. Hvort tveggja verður til umræðu stjórnar á nýju starfsári.

AFRÍKUBALL

Stjórnin telur að endurhugsa þurfi þennan viðburð félagsins með stefnu á næsta ball vorið 2025.

LÖG FÉLAGSINS

Lög félagsins voru endurskoðuð síðast á aðalfundi 2015. Lagt til að ný endurskoðun fari fram á starfsárinu og tillögur um lagabreytingar lagðar fyrir á næsta aðalfundi félagsins.

STJÓRNARKJÖR:

Stjórnin gaf kost á sér til endurkjörs með þeirri undantekningu að Karl Fannar Sævarsson meðstjórnandi hættir og var Þórdís Sigurðardóttir kosin í stað hans.

Stjórn

Geir Gunnlaugsson formaður (kt. 2405517219)

Stefán Kristmannson ritari (kt. 1107533579)

Magnfríður Birnu Júlíusdóttir gjaldkeri (kt. 2605614999)

Hulda Guðrún Gunnarsdóttir meðstjórnandi og upplýsingamiðlari (kt. 0901765449)

Jón Geir Pétursson meðstjórnandi (kt. 1709675349)

Þórdís Sigurðardóttir meðstjórnandi, (kt. 0501564519)

Varamenn

Birna Halldórsdóttir (kt. 0407492929)

Jite Brume (kt. 0604762689)

Skoðunarmaður reikninga

Anna Katrín Rósu Árnadóttir (kt. 0203633639)

ÖNNUR MÁL

Fleiri mál voru ekki rædd.